

## 83. fundur

Skólaráðsfundur miðvikudagur 16. september 2020, kl. 8:30

Mættir: Karl og Agnar fulltrúar foreldra, Guðrún Þ. og Halla fulltrúar kennara, Helena fulltrúi starfsfólks, Ingibjörg Ýr og Árni skólastjórnendur.

Fundarritari: Árni

Efni fundar:

- Framkvæmdir
- Covid í húsi
- Upphaf skólaársins
- Önnur mál

Framkvæmdir:

- Ekki er búið að birta skýrslu Verkís.
- Í stofum 16 og 17 voru sólbekkir lagaðir og gert við salerni í stofu 16.
- Umræður um salernin sem eru í stofum í Austurlandi. Bent var á hvort það sé skynsamlegt að hafa þau í stofunum. Vilji er fyrir því að taka þau burt. Setja þær áætlanir á framkvæmdalista yfir úrbætur í skólanum.
- Stefnt er á að hafa samráðsfund í haust og í vor með USK, SFS og skólaráði.

Covid í húsi:

- Kokkur skólans er með Covid og þess vegna er matur fyrir nemendur keyptur hjá Matartímanum. Þrír starfsmenn í eldhúsi fóru í sóttkví en reyndust ekki smitaðir.
- SFS var ánægt með viðbrögð skólans við Covid í húsi.

Upphaf skólaársins:

- Nokkrir starfsmenn eru í leyfi. Í leyfi án launa eru Kristín Sigurðardóttir, Elín Halldórsdóttir og María Hrafnisdóttir. Í veikindaleyfi eru Erla Ólafsdóttir og Elín Björg Guðjónsdóttir.
- Verið er að ráða nýjan kennara í 5. bekk.

Önnur mál:

- Spurt var hvers vegna skólinn opni ekki fyrr en kl. 8:30? Að mati skólastjórnenda hafa þessar ráðstafanir komið skólastarfinu til góða. Skólabragurinn er betri og jákvæðari. Umræður um kosti og galla að hafa skólann lokaðan.
- Aðalfundur Foreldrafélags Fossvogsskóla verður 1. október í íþróttasal skólans.
- Fundir skólaráðs verða í vetur þriðja miðvikudaginn í mánuði.
- Skólastjóri fór yfir skóladagatal skólans fyrir árið 2020-2021. Skólinn þarf að biðja SFS um færslu á skipulagsdegi, sem átti að vera 30. september, til 6. október. 30. september verða samræmd próf í stærðfræði í 4. bekk. Rætt var símleiðis við fulltrúa foreldra um málið og það rætt á almennum starfsmannafundi.
- Í skólanum er einn þroskaþjálfari og er hún aðallega í 5. bekk. Verið er að skoða aðkomu hennar í aðra árganga.
- Umræður um fjármál skólans. Skólinn er í halla en framkvæmdir í fyrra eru enn á reikningi skólans. Verið er að skoða þessi mál sérstaklega.
- Búið er að ráða skólaliða sem sjá um þrif á skólanum.
- Næsti fundur er 14. október.